

Vægin b, c og d eru fundin þannig:

b er hlutfall iðgjalda í ökutækjatrýggingum og/eða erlendum endurtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

c er hlutfall iðgjalda í sjó- og farmtryggingum af heildariðgjöldum félagsins.

d er hlutfall annarra iðgjalda af heildariðgjöldum félagsins.

Með iðgjöldum er hér átt við bókfærð iðgjöld í frum- og endurtryggingum samanlagt.

8. gr.

Sé eigin áhætta félags að mati Tryggingaeftirlitsins hærrí en hámarksáhætta skv. 7. gr. þegar tekið hefur verið tillit til samáhættu, skal félagið gera ráðstafanir fyrir lok reikningsársins eða eins fljótt og kostur er vegna gildandi endurtryggingasamninga, til að breyta endurtryggingavernd sinni til samræmis við tilskilda hámarksáhættu.

Skil á gögnum.

9. gr.

Tryggingaeftirlitið skal jafnskjótt og reikningsári váttryggingafélags lýkur, senda því sérstök eyðublöð í því formi, sem það ákveður til útfyllingar og útreiknings á gjaldþoli, greiðsluþoli og eigin áhættu.

Eyðublöðin útfyllt og undirrituð af félaginu skulu hafa borist Tryggingaeftirlitinu eigi síðar en sex mánuðum eftir lok reikningsárs.

Ýmis ákvæði.

10. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða fésektum eða varðhaldi.

11. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 56. gr. laga nr. 26 18. apríl 1973, sbr. 41. gr. sömu laga öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um iðgjöld atvinnurekenda til lífeyristrygginga almannatrygginga árið 1978.

1. gr.

Árið 1978 skulu iðgjöld atvinnurekenda samkv. 25. gr. laga nr. 67 1971 um almannatryggingar vera 550 kr. fyrir hverja tryggingarviku.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 67 20. apríl 1971 staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1977.

Matthías Bjarnason.

Páll Sigurðsson.